

Skólaráðsfundur 30.11. 2017 kl. 15:15

Mætt: Svava ritari, Elfa kennari, Halldór Birgir og Emelía fulltrúa nemenda, Hugrún Dögg Harðardóttir og Hólmfríður María Hauksdóttir foreldrar, Ólöf Inga, Anna Bergrós og Marías sem ritar fundargerð.

1. Skólapúlsinn. Anna Bergrós fór yfir niðurstöður Skólapúlsins, en það er nemendakönnun sem búið er að leggja fyrir 25% nemenda 6. – 10. bekkjar. Helstu niðurstöður eru m.a. að þrautseigja í námi minnkar, ánægja af lestri eykst og einelti mælist lægra en mælist hefur áður. Niðurstöður eru komnar á heimasíðu skólans og er slóðin hér: http://siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/2017-2018/nem_1_fjordungur.pdf
Rætt um niðurstöður skólapúlsins.
2. Árshátíð skólans. Rætt um kosti og galla þess að hafa árshátíðina fyrir áramót, en það fyrirkomulag var viðhaft í ár í fyrsta sinn. Almenn ánægja með tímasetninguna. Nemendur 10. bekkjar, sem eru með stærsta atriðið á árshátíðinni og eru með mestu aðkomuna að árshátíðinni, voru ekki sáttir fyrst þegar hugmyndin kom upp. Skv. fulltrúum nemenda var þó ánægja með framkvæmdina í ár. Sumum fannst tal af sviðinu berast illa til áhorfenda aftast í salnum. Umræða um skemmtikraftana sem komu að skemmta í ár, ballið stóð rétt undir sér þar sem kostnaður við skemmtikraftana var mjög mikill. Rætt um kosti og galla þess að hafa aðkeypta, dýra skemmtikrafta.
3. Nýir starfsmenn. Ólöf kynnti breytingar á starfsmannahópnum sem verða núna. Svanborg þroskaþjálfari hættir í 3. bekk, Kolla kennaranemi tekur við. Guðrún á bókasafninu fer í veikindaleyfi fram að áramótun. Elsa stuðningsfultrúi sem er að minnka við sig, leysi af í tvo tíma á dag í hennar stað á bókasafninu. Almar Vestmann er nýr starfsmaður, er stuðningsfulltrúi á morgnana og fer í Frístund eftir hádegi.
4. Búið er að ákveða að færa grenndargámana sem taka við flokkuðu sorpi úr hverfinu, af bílastæði skólans á plan Krambúðarinnar við Hlíðarbraut.
5. Önnur mál.
 - a. Rætt um nýtt námsmat og framsetningu á því. Búið er að gera fræðsluefni sem sent verður til foreldra, það fyrsta á morgun í Fréttabréfi desember.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:10.

Fundargerð ritar Marías Ben. Kristjánsson.